

## Persónuverndarstefna Samgöngustofu

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Samgöngustofu fer fram vegna lögbundins hlutverks stofnunarinnar skv. lögum nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála.

Samgöngustofa safnar og vistar nauðsynlegar persónuupplýsingar sem stofnuninni berast vegna umsókna, eftirlits og leyfisveitinga á sviði flugmála, siglingamála og umferðarmála.

Samgöngustofa fer með og verndar allar persónuupplýsingar í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.

Starfsfólk Samgöngustofu gætir þess í hvívetna að öll vinnsla með persónuupplýsingar sé sanngjörn, lögmæt og áreiðanleg og að öryggi upplýsinga sé tryggt.